

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0064
SS/SB

Efni: Umsögn um áform um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóð og skriðuföllum

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur kynnt í samráðsgátt stjórnvalda áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér áformin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í áformaskjalinu kemur fram að markmið með lagabreytingunni sé m.a. að skerpa á hlutverki Veðurstofu Íslands en fjallað er um það hlutverk í 3. grein núgildandi laga. Í sömu grein er fjallað um hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar segir „Náttúrufræðistofnun Íslands aflar gagna um skriðuföll og hættu af þeirra völdum í samstarfi við Veðurstofuna.” Náttúrufræðistofnun telur að einnig sé tilefni til að skerpa á hlutverki Náttúrufræðistofnunar í uppfærðri löggjöf. Í dag annast stofnunin einnig jarðfræðikortlagningu með sérstöku tilliti til skriðuhættu í samstarfi við Veðurstofuna og gefur út jarðgrunnskort og eftir atvikum berggrunnskort af skriðufallasvæðum við byggð. Bæta mætti við þessum atriðum í lýsingu á hlutverki stofnunarinnar í uppfærðum lögum.

Aukin þörf hefur verið á rannsóknum og vöktun á lausum jarðlögum á hættusvæðum skriðufalla á síðustu árum. Mjög mikilvægt er að bregðast við því með því að tryggja fullnægjandi fjármögnun fyrir nauðsynlegar rannsóknir. Meðal annars er brýn þörf á auknum mannafla við kortlagningu jarðgrunns á áhættusvæðum. Kortlagning og rannsóknir Náttúrufræðistofnunar á þessu sviði hafa að hluta verið greiddar af Ofanflóðasjóði undanfarin ár og ástæða til að fjölga sérfræðingum á þessu sviði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

